



LAUGARDAGUR 10. OKTÓBER 2020

Helgin



Bræðurnir Nökkvi Jarl og Pétur Breki Bjarnasynir hafa báðir sókkt sér í heim tölvuleikjanna og hafa þeir nú stofnað YouTube-rás þar sem þeir ræða hina háepísku Final Fantasy-tölvuleiki.

→4

**EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM**

**GEFUR GÓÐA
NÆRINGU OG
MIKINN RAKA**



Fæst í betri apótekum, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is



Hlín Ósk, eiganda Óskabanda, finnst ótrúlega skemmtilegt að hanna skartgrip og skapa með höndunum. Hjá Óskaböndum er mikið og fjölbreytt úrval fallegra gersema, eins og Hlín Ósk bendir á. Óskabönd halda upp á tíu ára afmælið í október og er boðið upp á veglega afslætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tímalausar gersemar sem gefa góða orku

Óskabönd eru íslenskir skartgripir, hannaðir af Hlín Ósk. Óskabönd halda upp á tíu ára afmæli um þessar mundir og vörulínan hefur aldrei verið glæsilegri. Hlín Ósk vinnur með sköpunargleðina að leiðarljósi við gerð skartgripanna. →2



Skartgripirnir frá Óska-böndum fást í nokkrum verslunum og hafa verið mjög vinsælir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hlín Ósk hefur rekið lítið skartgripafyrirtæki Óska-bönd-ÓSK í 10 ár ásamt fjölskyldu sinni. Á þessum árum hefur vörulínan stækkað mikið og margar konur þekkja orðið vörumerkið og eiga sitt óskaband. Hlín Ósk opnaði vefverslun fyrir fjórum árum og hefur hún sömuleiðis vaxið og dafnað vel, enda hefur vöruúrvalið aukist mjög mikið.

Féll fyrir orkusteinum

Hlín Ósk segist hafa verið um tví-tugt þegar hún fór að búa til eyrnalokka en þá voru stórir lokkar mikið í tisku og eftirspurn eftir þeim. „Ég fann fyrir eftirspurninni og fór að selja lokkana,“ segir hún. „Ég hef alla tíð haft mikla þörf fyrir að skapa eitthvað með höndunum. Sömuleiðis hef ég unnið töluvert úr keramik og gleri, allt frá skarti upp í matarstell. Eftir að ég kynntist orkusteinunum hefur það hráefni átt hug minn allan og því verið uppistaðan í Óskaböndunum. Mér finnst orkusteinarnir bæði alveg ofboðslega fallegir og fjölbreyttir og svo trúir ég að þeir hafi jákvæð áhrif á okkur mannfolk,“ segir Hlín Ósk, en skartgripir hennar eru gerðir úr eðalorkusteinum, Swarovsky-kristöllum, sterling, silfri, eðalmálmum, hrauni og stáli. „Þetta eru tímalausar gersemar sem gefa orku og fegurð,“ útskýrir hún.

Fjölskyldan hjálpast að

Óskabönd er lítið fjölskyldufyrirtæki og Hlín Ósk segir að flestir fjölskyldumeðlimir séu virkjaðir á einhvern hátt. „Ég á mörg börn og hafa þau flest hjálpað mér á einhvern hátt í starfseminni. Stelpurnar mínar hafa verið fyrirsætur og aðstoðað við framleiðsluna, tengdadóttir mín hefur líka verið í fyrirsætustörfum hjá mér, en ég legg alltaf mikið upp úr því að hafa fallegar myndir. Ég lét útbúa glæsilegan bækling sem fylgir með öllum gersemunum. Sonur minn hefur einmitt hjálpað með tæknimálin og heimasíðuna. Mér finnst mikilvægt að halda úti góðri vefverslun en það er heilmikil vinna á bak við hana.“

Glæsilegar gjafir

Á heimasíðunni má skoða úrvalið sem Hlín Ósk býður upp á, en skartgripir hennar eru frábærir til gjafa. Hún leggur líka mikið upp úr því að hafa glæsilegar og vandaðar gjafaumbúðir sem gleða þann sem fær gjöfina. „Það er svo mikið upplifun að fá fallega gjöf og ekki er minna ánægjulegt þegar hún inniheldur gersemar,“ segir Hlín Ósk og bætir við að vöruúrvalið sé orðið mjög mikið og alltaf að



ICELANDIC DESIGN

bætast eitthvað nýtt við. „Við erum með margar týpur af armböndum, hálsmenum, hringum og eyrnalokkum. Vinsælustu vörurnar eru orkusteinaarmböndin og orkusteinafestarnar, ásamt fingerðum keðjum í mörgum útfærslum bæði stuttum og síðum. Ég er mjög hrifin af skarti sem hægt er að nota á mismunandi vegu, eins og til dæmis stuttum festum sem einnig er hægt að vefja tvisvar um úlnliðinn og nota sem armband.“ Þegar Hlín Ósk er spurð hvaðan hún fái innblástur fyrir sköpun sína og handverk, svarar hún: „Innblásturinn kemur aðallega frá þessari þörf minni og áhuga á að skapa og búa til með höndunum. Sköpunargleðin og ánægjan sem felst í því að sjá gersemarnar fullskapaðar veitir mér mikinn innblástur, einnig þykir mér alltaf jafn vænt um þegar kúnni kemur til mín og verslar aftur og aftur og er ánægður með þjónustuna og vöruna, það gefur mér mjög mikið,“ segir hún.

Skartgripir breyta kjólnum

Hlín Ósk hefur alla tíð haft mikinn áhuga á hönnun og fallegum hlutum og finnst fylgihlutir og skart geta breytt svo miklu. „Ætli fallegt skart og skór séu ekki í mestu uppáhaldi hjá mér. Kona getur til dæmis breytt einföldum svörtum kjól svo mikið bara með því að bera við hann fallega hálsfesti. Hann verður sem nýr kjóll með flottri hálsfesti, þess vegna geta skartgripir hjálpað til að gera fataskápin miklu meira spennandi og fjölbreyttari. Allar konur elska að fá fallegan skartgrip að gjöf og ekki er verra ef honum fylgir orka,“ segir Hlín. „Það er líka gaman að geta þess að Óskabönd hafa frá upphafi lagt baráttunni gegn brjóstakrabbameini lið með því að styrkja Bleiku slaufuna. Með hverju armband fer hluti til Krabbameinsfélagsins í október og mér þykir það alltaf svo ótrúlega gleðilegt þegar ég get fært félaginu afraksturinn sem hlýst af þessu framtaki,“ segir Hlín Ósk.



Glæsilegar hálsfestar, hringir og armbönd.



Óskabönd fást í nokkrum fallegum verslunum og auðvitað er Óskabönd bæði á Facebook og Instagram.

Sölustaðir

- Maí, Garðatorgi, Garðabæ.
- Kona, tiskuverslun, 2. hæð, Firði í Hafnarfirði.
- RYK, íslensk hönnun, Bæjarlind í Kópavogi.
- Heimadecor, Vestmannaeyjum.
- Verslunin Kista, Hofi, Akureyri.
- Vinnustofa/verslun, Þrúðsalir 17 í Kópavogi.



Glæsileg gjöf sem er afhent í fallegum gjafaumbúðum.



Falleg armbönd með orkusteinum sem hafa verið mjög eftirsótt, tilvalin í jólapakkann eða sem tækifærissgjöf.

Óskabönd bjóða upp á margvíslega skartgripi, armbönd, hringi, hálsfestar og eyrnalokka.



Í tilefni 10 ára afmælis Óskabanda verða ýmis afsláttartilboð í vefverslun á oskabond.is sem gilda út október. Öllum kaupum yfir 10 þúsund fylgir glaðningur í vefverslun.

Femarelle®



BLEIKA
SLAUFAN

Við styrkjum Bleiku slaufuna

300 kr.

af hverjum seldum Femarelle® pakka í
október rennur til Bleiku slaufunnar.



Femarelle®
Rejuvenate

Femarelle Rejuvenate 40+

- Getur minnkað skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Getur aukið orku
- Getur aukið teygjanleika húðar



Femarelle®
Recharge

Femarelle Recharge 50+

- Slær hratt á einkennin (hitakóf og nætursviti getur minnkað)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Getur aukið orku og kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vefi í brjóstum eða legi



Femarelle®
Unstoppable

Femarelle Unstoppable 60+

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Getur aukið liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Getur aukið orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi

Elskaðu. Lifðu. Fagnaðu. Femarelle®

Ræða Final Fantasy og bresta í söng

Bræðurnir Nökkvi Jarl og Pétur Breki Bjarnasynir hafa báðir sökkt sér í heim tölvuleikjanna og hafa þeir nú stofnað YouTube-rás þar sem þeir ræða hina háepísku Final Fantasy-tölvuleiki.

Jóhanna María
Einarsdóttir

johannamaria@frettabladid.is



Nökkvi hefur um árabil lagt stund á japönsku og leikjafræði og má í raun líta á hann sem ákveðinn brautryðjanda í leikjafræðum á Íslandi. Þá skrifaði hann fyrstu ritrýndu fræðigreininna um tölvuleiki á íslensku, ásamt Birni Þór Vilhjálmssyni. Í kjölfarið hefur hann þó aðallega fengið efni gefið út á ensku í alþjóðlegum fræðiritum. Saga Péturs er önnur, en eftir að hafa unnið við kvikmyndir og sjónvarpsþætti í Lundúnum tók hann stefnubreytingu í átt að tölvuleikjum. Fór hann að vinna við framleiðslu tölvuleikja hjá Directive Games og að sögn hefur hann plummað sig ágætlega í því hlutverki, enda hafa þeir bræðurnir lifað og hrærst í heimi tölvuleikja frá unga aldri.

„Fyrsti leikurinn sem ég man eftir var Super Mario Bros á gömlu Nintendo,“ segir Pétur og Nökkvi, eldri bróðirinn, bætir þá við: „Hann langaði svo mikið að spila að hann nagaði í sundur rafmagnssnúruna á tölvunni á meðan ég var að spila.“ „Þess má geta að ég var líklega svona þriggja ára á þessum tíma,“ segir Pétur.

Upphaflega var hugmyndin að rásinni að taka leikjafræðilega nálgun á Final Fantasy-leikina, og er sú nálgun enn til staðar í vissum skilningi. Það sem ein-kennir rásina er enda túlkunarfræðileg greining og tengingar við aðrar menningarafurðir, svo sem bækur og kvikmyndir. Að sögn Péturs finnst Nökkva enn fremur fátt skemmtilegra en að lauma heimspekingum inn í umræðuna. „Engu að síður höfum við gert okkur grein fyrir því að fólk þarf líka að nenna að horfa á myndböndin og því reynum við að finna jafnvægi milli skemmtunar og fræðslu. Þegar fólk er búíð að venjast okkur er aldrei að vita hvort leikjafræðileg sjónarmið komist aftur í forgrunn,“ segir Nökkvi og kímir.

Final Fantasy er lifandi

Þeir segja tölvuleikjamíðilinn gífurlega fjölbreyttan miðil og áhugi þeirra beggja endurspeglar þennan fjölbreytileika að vissu leyti. Að þeirra sögn snýr sameiginlegur áhugi þeirra fyrst og fremst að japönskum tölvuleikjum. „Sjálfur spila ég aðallega herkaensuleiki en gríp stundum í minna krefjandi leiki inn á milli,“ segir Pétur. Nökkvi bætir við að Final Fantasy sé sú leikjaröð sem hafi sameinað tölvuleikjaáhuga þeirra bræðra hvað mest. „Þetta er einnig sú leikjaröð sem ég hef eytt mestu púðri í að rannsaka og skrifa um. Þess má líka til gamans geta að ég og Final Fantasy erum jafngömul fyrirbæri, en ég leyfi áhugasömum lesendum að grennslast fyrir um hversu gamalt það er.“ Þá bætir hann við að Final Fantasy sé lifandi tölvuleikjaröð með fjölda hliðhollra áhangenda. „Það er enn þá verið að gefa út Final Fantasy leiki og leikjaserían ratar reglulega í fréttir um leiki og leikjamenningu.“

„Að sama skapi eru eldri leikirnir enn þá stór hluti af leikjalandslaginu, sem er nokkuð sérstakt. Við gáfum til dæmis út myndband um daginn sem fjallaði um Final Fantasy IX, en sá leikur er tuttugu ára gamall í ár. Þrátt fyrir það er nóg af fólki sem þyrstir enn



Nökkvi Jarl Bjarnason til vinstri og Pétur Breki Bjarnason til hægri. Fuglana teiknaði Jóhanna Þorleifsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.



Í næsta myndbandi þýða bræðurnir texta úr japönsku lagi og bresta í söng.

í að ræða leikinn og velta honum fyrir sér. Að fjalla um Final Fantasy gæti líklega enst mér ævina á enda, en það kæmi mér ekki á óvart ef við myndum víkka sjóndeildarhringinn hvað varðar rásina þegar lengra er komið,“ segir Pétur.

Eru allir skúffu-YouTuberar?

Aðspurður um hvað fékk þá

bræður til að stofna YouTube-rás um tölvuleiki spyr Nökkvi hvort það séu ekki flestir skúffu-YouTuberar þessa dagana. „Hvað mig varðar þá kviknaði á perunni þegar Pétur sagði mér hvað þyrfti mikið af áhorfi og áskrifendum til þess að byrja að fá greitt frá YouTube. Þar fyrir utan starfa ég sem kennari í Borgarholtsskóla þar sem

” Að fjalla um Final Fantasy gæti líklega enst mér ævina á enda, en það kæmi mér ekki á óvart ef við myndum víkka sjóndeildarhringinn þegar lengra er komið.

er öflug listnámsbraut og margir nemendur þar leggja stund á kvikmyndagerð. Sumir þeirra eru byrjaðir að prófa sig áfram með YouTube og ég held að það geti falist gífurlegir möguleikar í því fyrir þau, sama hvort þau slá í gegn eða ekki. Umræddir nemendur eru því fyrirmyndir mínar og hvetja mig áfram til þess að vilja verða fyrirmynd þeirra.“

Á rásinni kalla þeir bræður sig Birds of Play. Fyrsta gilda nafnatillagan segir Pétur að hafi verið Chocobros, „en það er vísun í fræga fuglategund úr Final Fantasy-leikjaröðinni. Þar sem við vildum ekki takmarka okkur of mikið við eina leikjaröð til lengri tíma, ákváðum við að víkka hugmyndina út í fugla almennt og datt okkur þá í hug þessi stórkostlegi orðaleikur sem byggir á enska hugtakinu bird of prey, eða ránfugl. Við erum sem sagt Birds of Play, eða Leikjalundar,“ segir Pétur og flissar.

Konan á bak við fuglana

Hverju myndbandi fylgir teiknað

efni, en eiginkona Nökkva, Jóhanna Þorleifsdóttir sem er lærður myndlistarmaður, teiknar allt auglýsingaefni og myndir fyrir Birds of Play. „Hún á klárlega stóran þátt í því að fólk smelli á myndböndin hjá okkur,“ segir Pétur.


Eins og er gefa bræðurnir út eitt myndband á hverjum laugardegi en stefna á að gefa fleiri út vikulega í framtíðinni. Nýjasta myndbandið kemur á rásina einmitt í dag, um hádegisbil. Þá segir Nökkvi um efni myndbandsins: „Í næsta myndbandi þýðum við texta í japönsku lagi úr Final Fantasy X og brestum í söng.“ Það verður því spennandi að fylgjast með Leikjalundunum bregða á leik í viku hverri.

Vöntun á íslensku efni

Viðbrögðin segja þeir að hafi verið gífurlega jákvæð í vissum skilningi. Rásin er ekki nema tæplega fjögurra mánaða gömul og hefur vaxið jafnt og þétt. Áskrifendur eru orðnir 327 talsins, þegar þetta er skrifað, sem þeim finnst skemmtilegt að sjá, og hvetjandi fyrir framhaldið. „Það sem okkur þykir vænst um og kom okkur ef til vill örlítið á óvart, er litill en hliðhollur hópur áhorfenda, sem fer vaxandi líkt og stöðin,“ segir Nökkvi.

Pétur bætir við að um sé að ræða nær eingöngu erlenda áskrifendur, enda sé nafnið á ensku. „Við höfum ekki sérstaklega stílað inn á íslenskan markað enda er hann ekki mjög stór hér á landi í leikjafræðum, og hvað þá þegar það kemur að svona þröngu viðfangsefni og eins og Final Fantasy. Sjálfur er ég á því að það vanti alls kyns efni á íslensku svona almennt, en það er erfitt að réttlæta fyrir sjálfum sér að leggja vinnu í svona rás og vita að hún gæti aðeins stækkað ákveðið mikið út af takmörkuðum íbúafjölda.“

NÝJAR ÍBÚÐIR Í SKEKTU- OG DUGGUVOGI KOMNAR Í SÖLU



OPIÐ HÚS KL. 13-14 SUNNUDAGINN 11. OKTÓBER SÝNINGARÍBÚÐ Í SKEKTUVOGI 2 ÍBÚÐ 401

Vogabyggð er nýtt hverfi í uppbyggingu þar sem eldra iðnaðarhverfi vikur fyrir nútímalegri byggð fjölbýlishúsa. Hér er um að ræða skjólsæla perlu á höfuðborgarsvæðinu í nálægð við hafið og náttúruna. Hjóla og göngustígar liggja rétt hjá meðfram ströndinni sem og upp í elliðaárdal. Vandaðan söluvef verkefnisins er að finna á **tgverk.is/vogabyggd/**

- Vel hannaðar íbúðir á góðu verði
- Bílastæði fylgir öllum íbúðum
- Innbyggður ísskápur og uppvottavél í öllum íbúðum
- Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
- Við pössum upp á sóttvarnir, grímur og hanskar á staðnum

Verið velkomin í fyrsta opna húsið í Dugguvogi, hlökkum til að sjá ykkur.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Hrefna K Þorvaldsdóttir
Markaðs- og sölustjóri ÞG verk
824-8448, hrefna@tgverk.is

Ægir Breiðfjörð
Fasteignasali
896-8030, aegir@borgir.is

tgverk.is



Traustur byggingaraðili síðan 1998

Óttinn flæðir í skammdeginu

Tónlistarmaðurinn Daníel Hjálmtýsson gaf nýverið út lagið Fear Flows sem hlotið hefur góðar undirtektir en gaman er að geta þess að sjálfur Mark Lanegan deildi laginu á Twitter.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserne@frettabladid.is



Myndbandið við lagið Fear Flows var frumsýnt í gær, en lagið er önnur smáskífan af væntanlegri þröngskífu (EP-plötu) sem Daníel og hljómsveit hans tóku upp síðastliðið sumar. „Platan inniheldur fjögur lög sem samin eru af mér, auk þess sem hljómsveit mín, þeir Hálfðán Árnason, Pétur Hallgrímsson og Skúli Gíslason, leggja sitt af mörkum. Garðar Borgþórsson hefur nú tekið við hlutverki Péturs í hljómsveitinni en platan var tekin upp í júlí og ágúst á þessu ári,“ segir Daníel, en fyrirhugaður útgáfudagur plötunnar er 20. nóvember næstkomandi.

Fyrsta smáskífan af plötunni, lagið Birds, kom út í byrjun árs en það var valið lag dagsins á KEXP-útvarpsstöðinni í Seattle 5. maí síðastliðinn. „Það eru þrjú ný lög og brothættari útgáfa af Birds á plötunni, en Red Limo kvartettinn spilaði einmitt með mér í því lagi en þeir hafa líka unnið mikið með Lanegan og Eddie Vedder líka.“

Umkringdur goðsögnum

Óhætt er að fullyrða að Daníel og hljómsveit hans séu í góðum félagskap á plötunni, því auk

kvartettsins sér tónlistargoð-sögnin Alain Johannes, sem hefur meðal annars unnið með Mark Lanegan, Chris Cornell, PJ Harvey og Queens of the Stone Age, um að hljómfafna plötuna og Belgarnir Aldo Struyf og Fred Lyenn úr Mark Lanegan Band eru sérstakir gestir á plötunni. Jóhannes Birgir Pálmason sá um upptökur, hljóðblöndun og klippingu.

Daníel býr yfir mikilli reynslu sem tónleikahaldari en það var þannig sem hann komst í kynni við Mark Lanegan. „Ég flutti hann inn 2013 til að spila í Frikirkjunni og þá myndaðist ákveðinn vinskapur. Þeir höfðu orð á því, fylgdarliðið og bandið hans, að þeir hefðu aldrei áður séð hann tengjast tónleikahaldara eins og hann tengdist mér. Hann faðmaði mig og þakkaði mér fyrir uppi á sviði og þeir sögðust aldrei hafa séð hann í þessum filing áður. Ég fór svo með hann í Kringluna og við keyptum á hann strigaskó, kíktum á jólasveinana spila á gítar og fengum okkur kaffi.“

Eftir það byrjaði boltinn að rúlla. „Svo út frá því fóru hljómsveitarmeðlimir hans að koma í heimsókn til mín, eins og Fred sem spilar í tveimur lögum á plötunni, og ég hef líka farið út og hitt þá. Það var svo í desember á síðasta ári sem ég fór að hitta þá í Camden á tónleikum þar, og kynntist þá

nokkrum sem höfðu ekki verið með á Íslandi og líka umboðsmanninum hans, sem er núna umboðsmaðurinn minn. Þá náði ég aðeins að spjalla við Mark aftur og þá kom upp þessi þæling um að strákarnir myndu kannski spila á plötunni hjá mér.“

Ljósaskipti lífsins

Daníel lýsir andrúmslofti plötunnar sem þungbúnu en tilrauna-kenndu. „Platan er dálítið heavy og dílar mikið við innri baráttu við þunglyndi, kvíða, ótta og óvissu og allt þetta sem er í gangi í dag. Þetta er engin partiplata og kannski ekkert allra að hlusta á,“ segir Daníel og skellir upp úr.

„Við erum að blanda saman klassík og elektróník, pínu ball-öðufilingi og rokki. Lagið sem kom út í síðustu viku er svona rokkaðasta lagið á plötunni, frekar „straight forward“ rokklag á meðan hin lögin eru kannski tilraunakenndari og tilfinninga-næmari,“ útskýrir hann.

„Þetta er tónlist fyrir haustið og veturinn, það er svolítið skammdegi í þessu. Við eigum eftir að birta plötuumslagið en það gefur betri innsýn í andrúmsloftið. Þetta er dáiðið að leita að ljósinu í myrkurinu, samspil ljóss og myrkurs, eins konar ljósaskipti lífsins.“

Daníel hefur í nógu öðru að snúast, en hann býr um þessar mundir



á Reyðarfirði þar sem hann kennir í grunnskólanum. „Ég flutti hingað í sumar, kærastan mín býr hérna með syni sínum og ég ákvað að það væri ágætt að prófa eitthvað nýtt.“

Þetta er líka töluvert skemmtilegri staður fyrir fjögurra ára gutta heldur en Skólavörðuholtið,“ segir hann og hlær. „En ég sakna samt miðbæjarins á hverjum degi.“

Daníel Hjálmtýsson og hljómsveit hans hyggjast gefa út sína fyrstu plötu þann 20. nóvember næstkomandi.
MYND/GUSTAVO BLANCO

DEKK1.IS

Umfelgun frá 7.900 kr.

GÆÐA DEKKIN ÞÍN
FÁST ÓDÝRARI
HJÁ OKKUR!

- 14" verð frá 7.960 kr.
- 15" verð frá 9.590 kr.
- 16" verð frá 11.590 kr.
- 17" verð frá 13.590 kr.
- 18" verð frá 15.590 kr.
- 19" verð frá 21.800 kr
- 20" verð frá 21.590 kr.

Sími: 519-1516 • WWW.DEKK1.IS



Funahöfði 6, 110 Reykjavík
Njarðarbraut 11, 260 Reykjanesbær



Helgarnar geta verið langar og einmanalegar ef enginn kemur í heimsókn.

Gleðjum um helgina

Helgin er tími samveru fjölskyldu og vina. Nú þegar 20 manna samkomubann hamlar stórum samfundum er hætta á að margir einangrist og finni til einmanaleika. Það er ekki síst eldra fólkið okkar sem þarf sérstaklega á ást, tíma og þolinmæði að halda og í raun er fátt eins gefandi og gott eins og að verja dýrmætum tíma með elstu kynslóðinni.

Það er margt sem við getum haft hugfast og gert til að gleðja á samverustundum með gamla fólkinu okkar, en hér eru nokkrar hugmyndir.

- Leyfum þeim að rifja upp gamla tíma. Minningarnar eru þeim mikilvægar og stundum það eina sem þau eiga eftir.
- Tökum eftir því sem þau segja, jafnvel þótt við höfum heyrt það oftsinnis áður.
- Komum fram við þau af virðingu og skilningi, en aldrei eins og lítill börn.
- Spyrum hvað við getum gert til að gera þeim glaðan dag.
- Hlustum með þeim á tónlist frá þeirra blómaskeiði og rifjum upp minningar henni tengdar.
- Ef við megum ekki koma í heim-

sókn vegna heimsfaraldursins, spjöllum þá oft í síma eða á skjánum.

- Spilum við þau og lesum fyrir þau úr uppáhaldsbókunum þeirra.
- Tökum eftir því sem þau segja, því oftast er það mikil viska og gott veganesti um lífsins veg.
- Eigum gott kósikvöld með þeim, pöntum pítsu, poppum og horfum saman á góða gamanmynd.
- Tölum við þau af hlýju og með blíðlegri röddu. Þökkum fyrir okkur og tjáum þeim væntumþykju okkar. Snertum þau, þegar má út af kórónaveirunni, höldumst í hendur og gefum koss á kinn.
- Dekrum við þau og spillum eins og við getum. Færum þeim góðan mat og góðgæti í dálæti.
- Skoðum með þeim gamlar myndir og heyrum sögurnar af fólkinu og tilefnum myndanna.
- Leyfum þeim að finna að þau séu mikilvæg og engin byrði, heldur þvert á móti, að við þurfum á þeim að halda. Leyfum þeim líka að gera sem mest sjálfum, í stað þess að stökkva alltaf til og gera hlutina fyrir þau.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

NÝJA BÍLAHÖLLIN
BÍLAJANNAHVAÐIÐ VÍÐ BREIÐHÖFNA 115 REYKJAVÍK
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



LAND ROVER Range rover vogue sdv6 . Árgæð 2017, ekin 46 þ.KM, dísel, sjálfstíptur 8 girar. Verð 15.900.000. Rnr.212342.



JEOP Cherokee longitude. Árgæð 2017, ekin 158 þ.KM, dísel, sjálfstíptur 9 girar. leður og fl Verð 4.290.000. Rnr.214651.



LEXUS Rx450h 7 manna. Árgæð 2019, ekin 11 þ.KM, bensín, sjálfstíptur. Sértilboð 10.990.000. ásett 12.490 Rnr.117535.



HYUNDAI Tucson comfort. Árgæð 2018, ekin 127 þ.KM, dísel, sjálfstíptur 6 girar. Verð 3.390.000. ath skipti Rnr.214633.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



Nýir 2020 Mitsubishi Outlander Hybrid. Flottasta type með öllum búnaði. Listaverð 6.690.000,-. Okkar verð er 800.000 lægra eða 5.890.000,-. Til sýnis á staðnum í nokkrum litum með og án króks.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Til sölu



MERCEDES BENS TIL SÖLU

Mjög vel með farinn svartur Mercedes Bens CLS 350 BlueTEC til sölu, árg. 2015, ekin aðeins 45 þús. km. Billinn er í topp standi og hefur verið í reglulegu viðhaldi hjá Öskju. Svart leðurklæði, toppluga rafm. & hiti í sætum, splunku ný heilsársdekk, "self park" og margt fl. Tilboð óskast. Áhugasamir hafið samband í síma 896-0747.

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagnir
- » Hellulagnir
- » Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarþjónusta.
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirkji s: 778-7171

Húsaviðhald

HÚS OG MÁL

Viðhald og viðgerðir
fasteigna fyrir
fyrirtæki, húsfélög
og einstaklinga

- Gipsvinna
- Málun
- Flisalagnir
- Gluggaskipti
- Glerskipti
- Trésmíðavinna
- Múrverk
- Múrviðgerðir

Sími. 788 7688
info@husogmal.is



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í sal að **Skúlagötu 40** til að geta boðið nemendum uppá að halda fjarlægðamörk vegna Covid19. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.

Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Skype námskeið spænska III (22.000 krónur):

Mánudaga og miðvikudaga: 19:30 - 20:30

Skype byrjendanámskeið (22.000 krónur) :

Þriðjudaga og fimmtudaga: 20:00 - 21:00



Námskeiðin hefjast 19. og 20. október.

Verð á mann er 32.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞÆRT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða
Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569



- LOFTSTOKKAHREINSUNIN**
- FYRIRTÆKI
 - FJÖLBÝLISHÚS
 - SKIP
 - VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir lofttrastikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Nudd**NUDD NUDD NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

**Keypt
& Selt****Til sölu****MAXI - COSI BÍLSTÓLL - POKI
- SPEGILL**

Maxi-Cosi CabrioFix innan við ársgamall. Einstaklega léttur ungbarnastóll vegur aðeins um 3,5 kg. Fyrir 0-13 kg. Ásamt bílstólápoka, Britax spegil og dóti. Verðh.25þús eða tilboð óskast S. 663 3313

**Kassagítarar
á tilboði**

Kassagítarar í úrvali. Kassagítarar og Rafmagnsgítarar á tilboði. Hljómborð í úrvali. Gítarinn ehf - Stórhöfða 27 - s. 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Buggy- og fjórhjóladekk
15% AFSLÁTTUR
ef keypt eru 4 dekk saman
NITRO
Nitro - Úrðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Heimilið**Barnavörur****SYSTKINA VAGN/KERRA**

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

**Skólar &
Námskeið****Námskeið****ICELANDIC, ENGLISH,
NORWEGIAN, DANISH &
SWEDISH F. FOREIGNERS -
ENSKA, NORSKA, DANSKA,
SÆNSKA**

Only/Aðeins 1-3 students/ nemendur/ per course /hvert námskeið! Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk / Also Special Courses for Health Staff. Enska fyrir Leiðsögumenn/English and Icelandic for Tourist Guides. Start/ Byrja: 2/11,30/11. 2021: 4/1, 1/2, 1/3, 29/3, 26/4, 24/5. 4 weeks/ vikur x 5 days/daga. AM & PM/fh. & eh. Price/Verð: 49.500 Labour Unions/Labour Directorate pay back 50-90 % of price/Stéttafélag/Vinnumálastofnun endurgreiða 50-90% gjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/ fullordinsfraedsan - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108, s. 8981175/5571155

Tilkynningar**Einkamál**

Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

**GEFÐU
HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Húsnæði**Geymsluhúsnæði****GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna**Atvinna í boði****WORKERS NEEDED**

Bygg needs workers in groundwork. Please contact Gudjon, tel. 617 3000 or gudjon@bygg.is

**Geymsluskúrar
að Álhelli 14, Hafnarfirði**

Erum með til sölu geymsluskúra að Álhelli 14 Hafnarfirði. Afhending í desember 2020.

45 fm geymsluskúr á 14.900.000 kr
32 fm geymsluskúr á 9.900.000 kr
26,3 fm geymsluskúr á 8.500.000 kr

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Bergmann
í síma: 839-1600 eða gunnar@fasteignamidlun.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

HOBART**Uppþvottavélar
í atvinnueldhús**

Hobart er nýtt og glæsilegt merki í flórana okkar.
- Eitt það þekktasta í stóreldhúsbransanum.



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geiriahf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is